

## Lög

Nr. 52.

3. nóv.

um

breytingu á lögum nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma-  
og talsímakerfi Íslands.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur.

Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski.

Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í 4. gr. laga 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, falli burt orðin: »Unaós og Borgarfjarðar í Norður-Múlasýslu«, en í staðinn komi: Borgarfjarðar (austur) um Sandaskörð, Loðmundarfjarðar. Enn fremur í staðinn fyrir orðin í sömu grein: »frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur« komi: frá Hafnarfirði um Voga til Grindavíkur, frá Keflavík til Hafna.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist þessi orð:

Þó skal landsstjórninni heimilt að láta reisa loftskæptastöð í Reykjavík, þótt ekki hafi hún nægan kraft til sambands við útlönd.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Einar Arnórsson.*